

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um starfsemi lánsþæfismatsfyrirtækja.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um starfsemi lánsþæfismatsfyrirtækja sem starfa samkvæmt lögum nr. 50/2017 um lánsþæfismatsfyrirtæki.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Eftirtaldar reglugerðir Evrópusambandsins um starfsemi lánsþæfismatsfyrirtækja skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2019 frá 10. júlí 2019:

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir reglubundna skýrslugjöf um gjöld sem lánsþæfismatsfyrirtæki innheimta innan ramma viðvarandi eftirlits Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 17-39.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2015/2/ESB frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánsþæfismatsfyrirtæki gera aðgengileg Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 40-72.
- c. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/3 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um birtingarkröfur fyrir samsetta fjármálagerninga, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 73-135.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 50/2017, um lánsþæfismatsfyrirtæki, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 30. september 2021.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Erna Hjaltsted.*